

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Syðra-Langholts 2, Vesturhlíð.*
Deiliskipulagssvæðið er um 4 ha og er gert ráð fyrir 3 frístundahúsalóðum, 3 ræktunarlóðum og lóð fyrir aðkomuveg ásamt tjald- og leikjaflöt fyrir gesti. Heimilt er að reisa allt að 150 m² frístundahús, allt að 40 m² gestahús og allt að 20 m² geymslu á hverri lóð. Hámarkshæð frístundahúsa er 7,1 m og aukahúsa 3,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,26.
Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2012.
2. *Breyting á deiliskipulagi lögbýlisins Silfumýri, C-svæði.*
Í breytingunni felst að annar af byggingarreitum fyrir heilsárshús og byggingarreitur fyrir starfsmannaíbúð flytjast á svæði norðan við fyrirhugaða reiðskemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. ágúst 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. október 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.